

Nr. 5/1913.

Þorsteinn Gíslason

gegn

Birni Sigurðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, bankastjóri í Landsbanka Íslands Björn Sigurðsson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum Þorsteini Gíslasyni ritstjóra blaðsins Lögréttu, fyrir meiðandi ummæli um hann í grein með yfirskriftinni »Landsbankinn« í VII. árg., 12. tbl. nefnds blaðs, er út kom hér í bænum 6. marz f. á., en grein þessi er nafnlaus og ber áfrýjandinn, sem ritstjóri blaðsins, ábyrgð á henni. Málið var dæmt í nefndum rétti 14. nóv. f. á. með þeim úrslitum, að flest hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og marklaus og áfrýjandi dæmdur fyrir þau samkvæmt 219. grein almennra hegningarlaga í 100 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 20 daga einfalt fangelsi, svo og til að greiða stefnda í málskostnað 30 krónur.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 16. jan. þ. á. og krafist þess fyrst og fremst, að málinu verði vísað frá undirréttinum sökum ófullnægjandi sáttatilaunar, og stefndi dæmdur í málskostnað, til vara, að áfrýjandi verði syknaður algerlega af kærum og kröfum stefnda og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, og til þrautavara, að sektin verði lækkuð svo sem lög frekast leyfa, málskostnaðarákvæði dómsins felt niður eða lækkað, og áfrýjanda dæmdur málskostnaður hjá stefnda fyrir báðum réttum. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og að áfrý-

jandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Frávísunar- eða ómerkingarkrafa áfrýjanda er byggð á því, að í sáttakærunni hafi stefndi eigi tilgreint, hver einstök ummæli í fyrtéðri Lögréttugrein hann taldi meiðandi fyrir sig og því vildi átelja í málinu, og hafi því nægileg sáttatilaun ekki farið fram um þau. En með því að sáttakærana verður að skilja svo, að þar sé kært yfir öllum þeim ærumeiðingum í garð stefnda, er í greininni felast, þá er sakarefnið nægilega auðkent í kærinni, og þar sem enn fremur greinin var lögð fram í sáttanefndinni, gat nægileg sáttaumleitun fram farið, og verður að álitast hafa fram farið, þar sem annað er ekki upplýst, um öll þau atriði, er sérstaklega hafa verið átalín í málinu, enda eru þau öll fólgin í oftnefndri Lögréttugrein. Frávísunar- og ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Að því er hin átöldu ummæli snertir, þá koma að eins til álita fyrir yfirdóminum þau, er áfrýjandi var sakfeldur fyrir með bæjarþingsréttardóminum, með því að málinu hefir eigi verið gagnáfrýjað af stefnda hálfu, en ummæli þessi eru þau, er nú skal greina: »Stjórn þessara manna á Landsbankanum hefir verið þannig, að meðal þeirra, sem mest bera Landsbankann fyrir brjósti, mun það álit ríkast, að það sé stórhneyksli, að mönnunum skuli ekki hafa verið vísað frá bankanum fyrir lönngu. Ef þetta hefði verið fyrsta stjórnarathöfn Kristjáns Jónssonar, þá hefði hann vafalaust fengið fyrir það alment þakklæti. Gremjan yfir stjórn Landsbankans nú hefir verið hér svo megn, að jafnvel binn þingkosni endurskoðandi bankans, Benedikt Sveinsson alþingismaður, sem þó er stjórn mála-

bróðir bankastjóranna, hefir átt þátt í ráðagerð um, að kalla saman almennan borgarafund til umkvörtunar«. — »Þá hefir fyrverandi bankastjóri Tryggvi Gunnarsson hikaust borið fram í bréfi til alþingis, að þeir hafi »gert sig seka í því, að birta alþingi og alþýðu falska skýrslu«. Þessi ummæli standa í Þingtíðindunum og eru úr þeim endurprentuð í blöðum hvað eftir annað, án þess að bankastjórnir kippi sér upp við það, eða við þeim sé hreyft«. — Þegar um þetta háttalag var rætt á þingmálafundi á Akranesi síðastliðið haust, sagði ráðherra, að ef satt væri frá þessu sagt, þá »gengi það glæpi næst«. — »Þá eru húsakaup bankans hér í bænum, eftir sögunum sem af þeim ganga, orðin hið mesta hneyxismál«. — »Þeir hafa samfleytt í tvö ár ekki litið í bækur, sem þeir samkvæmt embættisskyldu sinni eiga að hafa daglegt eftirlit með, samfleytt í 2 ár ekkert eftirlit haft með því, hvort bankinn fengi þær tekjur af víxlasölu, sem honum ber o. s. frv. Þetta er svo stórvægileg vanræksla á embættisstarfinu, að hún ætti að varða afsetningu, þótt ekkert annað væri, hvað þá heldur þegar hún bætist við, ofan á allt annað, sem þessi bankastjórn hefir til þess unnið, að henni væri létt af bankanum«. — »Og óteljandi dæmi sýna það ljóslega, að starfið er miklu ver rækt nú en áður var. Þó hefir nýjum og nýjum starfsmönnum og aðstoðarmönnum, sem gengið hafa til handa bankastjórum, sífelt verið við bætt, teknir á laun í bankanum flækingar og vandræðamenn, sem fengist hafa við ritgutl í Ísafold, svo að bankinn er nú alment nefndur »Letigaðurinn«. — »Hvernig svo sem mál gjaldkerans fer, og um það getur enginn að svo stöddu felt neinn dóm með réttu, þá eru bankastjórnir jafnsekir fyrir því«. — »Og hvaða

ástæða getur verið til þess að láta menn, sem allir virðast vera samdóma um að telja gersamlega óhæfa til að gegna forstöðu bankans, lafa í stöðunni, þótt þeir séu þar berir að hinni verstu vanrækslu á skylduverkum sínum, auk þeirra afglapa í stjórn bankans, sem vanþekkingu þeirra er gefin sök á«. — »Hlífðin og meinleysið við þá verður að ranglæti gegn stofnuninni«.

Öll framangreind ummæli verða að teljast meiðandi eða móðgandi fyrir stefnda, sumpart í sjálfu sér og sumpart í því sambandi, sem þau standa í, og með því að áfrýjandinn hefir ekki réttlætt það, að hafa viðhaft þau um stefnda og sumpart tekið þau upp eftir öðrum, þá verður að fallast á það, að ummælin eru í bæjarþingsdóminum dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi látinn sæta sekum fyrir þau, samkvæmt 219. gr. almennra hegningaralaga, og þykir sektin og vararefsingin ekki of hátt ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Það ber því að staðfesta dóm þenna í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á óraskaður að vera. Áfrýjandinn Þorsteinn ritstjóri Gíslason greiði og stefnda Birni Sigurðssyni bankastjóra í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.